



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu á Þórshöfn
11. september 2001

Heiðruðu Þórshafnarbúar,
ágætu Þingeyingar og
aðrir hátíðargestir

Ánægjulegir og fróðlegir hafa dagarnir verið hér í sýslunni og margt borið fyrir augu sem gefur tilefni til íhugunar og ályktana um framtíðina.

Fjölþætt og tignarleg náttúra og margbrotin saga, mannlíf og menning hafa sett ríkulegan svip á heimsóknina og þið hafið veitt mér góða innsýn í hugmyndir ykkar og vonir um framtíðina.

Hér er vissulega byggt á gömlum grunni landbúnaðar og sjósóknar og jafnframt hugað vel að þeim tækifærum sem ný tækni og þróun þjóðlífs og atvinnuhátta færa okkur. Sú bjartsýni, sem ég hef fundið í samræðum og frásögnum, er sannarlega í anda þess góða fólks sem um aldir gerði Þingeyjasýslur, nyrðri og syðri, að kjörsvæði framfara og félagslegrar samstöðu, vöggju þeirra hreyfinga sem skiluðu Íslandi sjálfstæði og umbótum í viðskiptum og verslun, skópu kraftinn og samtakaviljann sem gerði þjóðinni kleift að öðlast fullgildan sess meðal ríkja heims.

Hún er merk arfleifðin sem héraðið geymir, allt frá frásögnum Landnámu af Einari Þorgeirssyni sem kominn var af jörlum og keypti skip með bræðrum tveim, Vestmanni og Vémundi.

„Þeir fóru til Íslands og sigldu fyrir norðan landið og vestur um Sléttu í fjörðinn. Þeir settu öxi í Reistargnúp og kölluðu því Öxarfjörð. Þeir settu örn upp fyrir vestan og köllu þar Arnarþúfu en í þriðja stað settu þeir kross. Þar nefndu þeir Krossás. Svo helguðu þeir sér allan Öxarfjörð.“

Þannig lýsir Landnáma hvernig náttúra sýslunnar og landkostir voru klædd nafngiftum og bætir reyndar um betur og segir:

„Sveinungur nam Sveinungsvík en Kolli Kollavík og bjó þar hvor sem við er kennt síðan. Ketill þistill nam Þistilfjörð milli Hundsness og Sauðaness. Hans sonur var Sigmundur, faðir Laugarbrekku-Einars.“

Reyndar liggja víðar hér í sýslunni rætur frumkvöðla, eins konar landnámsmanna, á síðari tíð og gleymist oft á hátíðarstundum í höfuðstaðnum Reykjavík að sá sem ber sæmdarheitið faðir Reykjavíkur, Skúli Magnússon, var fæddur hér í sýslunni á þingstaðnum í Keldunesi og nam í æsku nyrðra þann baráttuanda sem dugði honum síðar á ævinni til að gerast frumkvöðull að innrétingum og byggingu Viðeyjarstofu, oddviti í glímunni um verslunarrétt Íslendinga – sá maður sem vísaði þjóðinni veginn til betri tíma þegar einveldi konungs og ítök erlendra kaupmanna héldu landinu í heljargreipum.

Og ekki er síðri saga kaupfélaganna sem á 20. öldinni voru burðarásar í framfararsókn héraðanna. Margir merkir menn komu við sögu samvinnuhreyfingarinnar, gerðu félög fólksins í senn að lýðræðislegum vettvangi fyrir umræður um framtíð byggðarlagsins og baráttutækjum fyrir bættum kjörum og styrkum stoðum atvinnulífsins. Þótt umrót í efnahagslífi og þjóðfélagsháttum hafi undir lok aldarinnar gert samvinnufélögunum erfitt fyrir og þau mörg hver orðið að víkja til hliðar er mikilvægt að halda á lofti merku framlagi þeirra lungann úr öldinni við að treysta byggð og stuðla að uppbyggingu á mörgum sviðum. Sú saga er okkur enn og verður lengi lærdómur um hverju samtakamáttur fólksins sjálfs fær áorkað þótt aðstæður virðist oft vera andsnúnar.

Þeir voru margir skörungarnir sem Norður-Þingeyingar sendu til Alþingis og má þar nefna Benedikt Sveinsson, föður Einars skálds, sem tók við leiðtoga hlutverkinu í sjálfstæðisbaráttunni af Jóni Sigurðssyni og hóf merki endurreisnar og aukinna réttinda. Síðar kom svo alnafni hans, faðir þeirra Bjarna, Sveins og Péturs, og afi núverandi forseta Alþingis; sótti hingað umboð sitt í rúm tuttugu ár og var einnig í hópi oddvita sjálfstæðisbaráttunnar á tímum heimastjórnar og kröfunnar um þjóðfána og fullveldi. Og ekki má gleyma Tryggva Gunnarssyni, timbursmið og bankastjóra, sem ásamt hinum tveimur nöfnunum var í fremstu sveit þeirra sem helguðu sjálfstæði landsins og framför alla krafta sína.

Það getur sérhver sýsla verið stolt af því að hafa veitt slíkum oddvitum í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga umboð sitt til góðra verka og áfram héldu Norður-Þingeyingar á 20. öldinni að senda úrvalsmenn til þingstarfa. Björn Kristjánsson kaupfélagsstjóri á Kópaskeri sat jafnframt á þingi um árabil og Gísli Guðmundsson var í nærri fjórtíu ár fulltrúi sýslunnar á Alþingi Íslendinga, merkur maður og vitur, fastur fyrir og athugull, traustur sem klettur, eins konar persónugervingur þeirrar þrautseigju sem jafnan hefur fylgt Þingeyingum, ógleymanlegur okkur öllum sem kynntust honum ungir, gaf okkur innsýn í menningu og hefðir sem rætur áttu hér í héraðinu og voru heimanfylgja Gísla í sérhverju máli sem hann beitti sér fyrir.

Þannig mætti lengi kvölds lýsa því góða fólki sem sýslan hefur alið og fósrað og byggðarlögin og þjóðarsagan geyma vitnisburð um þeirra mörgu verk.

Við höfum einnig verið á það minnt í heimsókninni þessa góðu daga hve ríkulega sagan setur svip á byggðarlögin: Kirkjur geyma forna gripi, kaleika og altarisöflur, jafnvel mörg hundruð ára gamla. Í raun er hér að finna víða í sýslunni eins konar vísi að þjóðminjasafni og mikill er trúnaður og hollusta þess fólks sem um aldir hefur gætt þessara gripa mann fram af manni og skilað okkur slíkum þjóðararfi að við fyllumst lotningu gagnvart listfengi og hæfileikum þeirra sem verkin unnu.

Altarisöflur Sveinunga Sveinungasonar frá Keldulóni í Kelduhverfi, kaleikur og klukkur í Garðskirkju – Sauðanes og Skinnastaður, í hópi helstu prestsetra á Íslandi, kirkjurnar merkar, vitnisburður um hagleik og trúarhita, kostgæfni presta og sóknarbarna; skreytingar Arngríms Gíslasonar listmálara og skírnarfontur Ríkharðs Jónssonar; altaristaflan sem séra Árni Skaftason gaf fyrir röskum tvö hundruð árum; kertastjakar gefnir af séra Jóni Einarssyni fyrir ríflega þrjú hundrum árum.

Allt er þetta og margt fleira sem varðveitt er hér í sýslunni í raun þjóðardýrgripir sem víða um heim væri talið sjálfsagt að færa í söfn og læsa þar inni en hér eru enn hluti af lífi og ævi íbúanna, sönnun þess hve samhengið í sögu Þingeyinga er enn sterkur þráður í vitund fólksins þegar öldin nýja gengur í garð, öld tækni og undraskrefa í vísindum og samskiptum um heiminn allan, öld sem vekur vissulega áleitnar spurningar um framtíð byggðar og örlög okkar Íslendinga.

Ég vék að því í ræðu minni á Raufarhöfn í gær að sjávarútvegur og landbúnaður hefðu ekki aðeins verið burðarásar atvinnulífs og framfara í héruðunum heldur væri líka mikill auður í því fólginu að geta í framtíðinni boðið fram holl og heilnæm matvæli sem laus væru við þær efnablöndur, mengun og sjúkdóma sem fælt hafa milljónir manna frá því að treysta þeim kosti sem á borð er borinn. Við Íslendingar getum á hinn bóginn veitt örugga tryggingu fyrir því að afurðir hafsins kringum landið og kjötið af sauðfé og nautgripum sem beitarlönd eiga í íslenskum haga og á heiðum uppi eru óspilltar afurðir náttúrunnar og fela í sér þá hollustu og heilbrigði sem eftir er sóst.

Þórshöfn og Langanes, Þistilfjörður og héraðið allt meðfram ám í átt að hálendinu, miðin úti fyrir, bæði til norðurs og austurs, hafa verið og eru enn kjörstaðir til að stunda sjávarútveg og landbúnað og verða áfram kjölfesta í þeim atvinnugreinum sem veita Íslendingum dýrmæta sérstöðu á markaðstorgi heimsviðskiptanna með matvælin sjálf, afurðir sem sífellt verða eftirsóknarverðari vegna sinna góðu kosta, hreinleika umhverfis og heilbrigðs uppruna.

Í umræðunni um vanda landsbyggðarinnar, stöðu sjávarútvegs og kannski einkum landbúnaðar um þessar mundir, má ekki missa sjónar af þeim tækifærum sem matvælaframleiðslan mun áfram færa okkur Íslendingum. Flestir fallast að vísu á að fiskurinn sé sífellt að verða verðmætari og meðmæli lækna og vísindamanna um hollustu og heilbrigði sjávarfangs munu í auknum mæli tryggja eftirspurn eftir slíkri gæðavöru og hækka verðið jafnt og þétt. Efasemdarraddir eru háværi þegar talið berst að möguleikum landbúnaðar og

gleymist þá oft að huga að því hvernig aukin vitund um sjúkdóma í sauðfé og nautgripum í öðrum löndum, æ fleiri dæmi um hættur af því að bæta alls konar efnum í fóðrið sem dýrin fá – hvernig þetta allt hefur nú skapað aukna vitund um þau forréttindi að geta neytt gæðakjöts áhyggjulaus um sjúkdóma eða aukaefni, njóta afurða sem sproutnar eru úr náttúrunni. Þau eru mýmörg dæmin frá nýliðnu sumri um að ferðamenn sem hingað koma sækist eftir því að snæða lambakjöt og nautasteikur í heimsókn sinni til okkar lands því þeir séu hættir að þora því að borða slíka rétti í sínum heimahögum.

Það hefur því verið ánægjulegt að heyra í samræðum þessa heimsóknardaga hve staðráðnir þið Norður-Þingeyingar eruð í að halda áfram að skara framúr í sauðfjárræktinni, að þið hafið skilið til hlítar að þótt oft sé rætt um vanda landbúnaðar þá eru ríkir hagsmunir bundnir því að Íslendingar geti áfram nýtt sérstöðu sauðkindarinnar sem fylgt hefur Íslendingum frá fyrstu tíð; hagsmunir sem eru ekki aðeins bundnir landbúnaðnum og atvinnulífi héraðanna heldur líka framboði á gæðavöru úr ullinni, flíkum sem orðið hafa mörgum hollvinum Íslands í öðrum löndum tákni um eðalkosti lífsháttanna sem hér hafa þróast í aldanna rás; – hagsmunir sem tengjast vexti og viðgangi ferðapjónustu á ókomnum árum, atvinnugreinar sem talin er á heimsvísu bera í sér hve mestan vaxtarbrodd; og mikilvægt er að sá fjöldi sem hingað kemur geti notið góðra máltíða hvort heldur er á góðum veitingastöðum í höfuðborg eða í heimsóknum um héruð landsins, sveitir og sjávarþorp.

Ég hef stundum á samkomum með úrvalslíði íslenskra matreiðslumanna, svonefndum meistarakokkum, hvatt þá til að þróa margbreytilega rétti úr gamla íslenska sveitamatnum, úr sviðum, blóðmör og lifrapylsu, lundaböggum, kæfu, rúllupylsu og öðru góðmeti. Líkt og Ítalir og Frakkar hafa gert úr sveitamatnum sínum úrvalsrétti sem njóta nú hylli um veröld víða getum við nýtt frábæra hæfni íslenskra matreiðslumanna til að hefja sveitamatinn okkar til vegs á ný og skapa úr honum fjölda nýrra rétta þar sem hið gamla og góða blandast nýjum kröfum um stíl og útlit. Ég hef boðist til að hafa þessa rétti iðulega á veisluborðum á Bessastöðum svo að góðir gestir sem hingað koma fái að kynnst því sem haldið hefur lífinu í Íslendingum og er svo sannarlega í senn bæði hollt og lystaukandi. Meistarakokkarnir hafa tekið þessari áskorun vel og ég vænti þess að í haust og í vetur komi þeir fram með sýnishorn í góðri samvinnu við bændur landsins.

Í Þingeyjarsýslu hefur löngum verið kjörlendi til ræktunnar á úrvalsfé og það sást svo sannarlega á hrútonum sem okkur voru fyrir í dag sýndir á Svalbarði að tilstuðlan fjárræktarfélagssins Þistils að þið eruð enn að keppast við að bæta eðalkosti sauðfjárins sem hér er alið.

Dagarnir hér í sýslunni hafa svo sannarlega sýnt okkur að á mörgum sviðum er verið að skila góðu verki. Nýjungar í fiskvinnslu og laxeldi, hagnýting nýrrar tækni til boðskipta og upplýsingaöflunar, verndun gamalla húsa og menningarverðmæta sem varðveitt eru í fögrum kirkjum – allt sýnir þetta fjölbreytileg viðfangsefni og er þá vert að lofa einnig það góða starf sem okkur var kynnt af nemendum og kennurum þegar við heimsóttum skólana ykkar. Þar ríkir samhæfing á fræðslu og þroska og hin sérstaka náttúru

sýslunnar, saga og menning, lífshættir og atvinnulíf nýtt til að tengja menntunina við veruleika hins daglega lífs. Skólakerfið verður þannig samfelld heild og kostir þess að búa í sjávarþorpi og sveitabyggð nýttir í þágu aukins skilnings á því sem læra ber. Þannig eru margir hinna smærri skóla í landi hér mikilvægir hlekkir í menntaneti okkar Íslendinga og væri mikill skaði ef hlutur þeirra yrði skertur vegna þess misskilnings að fella beri allt í sama far.

Ég vona því að þið getið áfram þróað það góða starf sem hér er í skólunum unnið og lagað það að þeim eiginleikum sem búseta nyrðra færir ykkur.

Þórshöfn er á margan hátt samnefnari fyrir þróun og stöðu dreifðra byggða, sjávarþorp með nán tengsl við sveitalífið, verslunarstaður sem áður fyrr laut drottun erlendra kaupmanna en varð síðar heimkynni kaupfélaga og atvinnufyrirtækja sem sýndu að Íslendingar ætluðu að tryggja sjálfstæði sitt með eigin hendi, treysta á að geta sjálfir aflað þeirra tekna sem dugðu til framfara og betra lífs.

Þið hafið svo sannarlega sýnt að þessar hefðir eru enn krafturinn sem gerir Þórshafnarbúum og Þingeyingum kleift að sigrast á erfiðleikum sem að höndum bera og heilsað nú nýrri öld með bjartsýni og sóknarhug.

Það hefur verið ánægjulegt að eiga með ykkur Norður-Þingeyingum þessa góðu daga og finna samheldnina og framsýnina sem setja svip á hugmyndir ykkar, vonir og drauma.

Ég þakka ykkur fyrir frábærar móttökur, hlýhug og vináttu og óska ykkur allra heilla í framtíðinni.